

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið

Skúlagötu 4

101 Reykjavík

Málefnasvið: Orkumál



Umsögn Ísorku ehf. um drög að reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar

Við hjá Ísorku fögnum að drög að reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar sé komin til umsagnar.

Ísorka hefur barist mikið fyrir því undanfarin ár að reglur um sölu á þjónustu í gegnum hleðslustöðvar verði gerð skýr skil svo allir aðilar markaðarins viti hvar mörkin liggi á milli raforkusölu og þjónustu.

Með þessum drögum er sú lína loksins gerð skýr og engin vafi á því gerður að ekki teljist sala á þjónustu í gegnum hleðslustöð til sölu á raforku.

Einnig er vikið að rétti notenda hleðslustöðva opna almenningi, þar sem upplýsingar um persónur eru betur tryggðar og ekki heimilt að þvinga notendur til samninga við tilheyrandi þjónustuveitanda á hleðslustöðvum aðgengilegum almenningi.

Með umsögn þessari vill Ísorka koma að ábendingum og tillögum til þess að gera 8 gr. þessarar reglugerðar skýrari.

Í drögum þessum er 8 gr. Svo hljóðandi

8. gr.

Þjónustuveitandi raforku

Þjónustuveitandi raforku getur innheimt gjald fyrir raforkunotkun með föstu gjaldi fyrir nýtingu aðstöðu sinnar, eða tekið fast gjald fyrir aðstöðu og breytilegt gjald í samræmi við raforkunotkun. Þjónustuveitendum er heimilt að veita viðskiptavinum þjónustu á grundvelli samnings, þ.m.t. í nafni og fyrir hönd annarra þjónustuveitenda. Rafföng sem aðgengileg eru almenningi skulu einnig bjóða upp á þann möguleika að nýta rafmagn án þess að gera formlegan samning við hlutaðeigandi þjónustuveitanda. Um skráningu og meðferð persónuupplýsinga í þessum tilvikum gilda almennar lagareglur á hverjum tíma.

Ofangreinda starfsemi er hægt að reka án þess að hafa söluleyfi hjá Orkustofnun, þó er þjónustuveitendum skylt að tilkynna um slíka þjónustu til Orkustofnunar í rafrænu viðmóti á heimasíðu Orkustofnunar með þeim skilmerkjum sem stofnunin setur.

Eins og fram kemur hér að ofan þá er tekið fram að hleðslustöðvar aðgengilega almenningi skulu einnig bjóða upp á þann möguleika á að nýta rafmagn án þess að gera formlegan samning við hluteigandi þjónustuveitanda.

Þjónustuveitandi er sá aðili sem annast rekstur hleðslustöðvarinnar en er ekki endilega eigandi hennar eða kaupandi á þeirri raforku sem fer um hleðslustöðina.

Tilgangur með grein þessari er væntanlega sá að tryggja að notendur geti hlaðið bifreiðar sínar á hleðslustöð í s.k. einskisviðskiptum eða OneTimePayment eins og það er kallað erlendis en ekki í gegnum aðgang hjá þjónustuveitanda (samningi). Unnt er að veita slíka þjónustu með greiðslubúnaði á eða við hleðslustöð, með dulkóðaðri greiðslugátt í gegnum vafra eða snjallforrit (appi), svo dæmi séu tekin.

Við hjá Ísorku óttumst að þjónustuveitendur muni ekki kalla skráningu fyrir t.d. hleðslulykli eða aðgang að gagnvirku appi “formlegan samning” heldur ósk um aðgang. Til þess að stofna slíkan aðgang þarf notandi að gefa upp t.d. nafn, heimilisfang, símanúmer, netfang og jafnvel kennitölu.

Verði svo er ljóst að markmið með greininni verði ekki náð og áfram verði hægt að krefja notendur um að sækja um aðgang að hleðslustöð aðgengilegri almenningi. Með slíkum aðgangi hefur þjónustuveitandi upplýsingar um alla notkun viðkomandi ásamt persónurekjandi upplýsingum um hann.

Ísorka hefur frá upphafi gjaldtöku á hleðslustöðvum boðið notendum að staðgreiða með greiðslukorti á hleðslustöðvum aðgengilum almenningi. Er hægt að staðgreiða í gegnum app Ísorku eða með því að fara inn á www.isorka.is/pay í vafra í símanum. Þegar notandi nýtir sér þann greiðslumáta er hvergi óskað eftir upplýsingum um notandann né hann krafinn um skráningu fyrir aðgang (samning).

Er það leið sem samþykkt er og uppfullir kröfur 4. málsgreinar – 4 greinar Evróputilskipunar EU 94/2014

Í slíku greiðsluferli hefur þjónustuveitandi engar upplýsingar um hvaða einstaklingur eða aðili nýtti þjónustuna.

Við hjá Ísorku viljum leggja til breytingu á orðalagi greinarinnar til þess að tryggja rétt neytenda betur og markmið reglugerðarinnar.

Leggjum við til að greinin verði svo hljóðandi:

Þjónustuveitandi raforku getur innheimt gjald fyrir raforkunotkun með föstu gjaldi fyrir nýtingu aðstöðu sinnar, eða tekið fast gjald fyrir aðstöðu og breytilegt gjald í samræmi við raforkunotkun. Þjónustuveitendum er heimilt að veita viðskiptavinum þjónustu á grundvelli samnings, þ.m.t. í nafni og fyrir hönd annarra þjónustuveitenda. Rafföng sem aðgengileg eru almenningi skulu einnig bjóða upp á þann möguleika að nýta rafmagn án þess að þurfa að skrá sig fyrir aðgangi hjá hlutaðeigandi þjónustuveitanda. Um skráningu og meðferð persónuupplýsinga í þessum tilvikum gilda almennar lagareglur á hverjum tíma.

Ofangreinda starfsemi er hægt að reka án þess að hafa söluleyfi hjá Orkustofnun, þó er þjónustuveitendum skylt að tilkynna um slíka þjónustu til Orkustofnunar í rafrænu viðmóti á heimasíðu Orkustofnunar með þeim skilmerkjum sem stofnunin setur.

Við hjá Ísorku viljum einnig benda öllum aðilum málsins á að ekki þarf að ráðast í dýrar breytingar á hleðslustöðvum sem fyrir eru á Íslandi og aðgengilegar almenningi, eins og að bæta við búnaði sem les greiðslukort. Nær allar greiðslulausnir í dag snúa að því að notandi þarf ekki að stinga greiðslukorti inn í búnað eða afhenda einstakling kortið. Einungis er þörf að bjóða vottaðar hugbúnaðarlausnir sem annast þetta fyllilega.

Allar hleðslustöðvar sem þegar eru á Íslandi og með gjaldtöku ráða við slíkar lausnir.

Markmið greinarinnar hlýtur að vera að tryggja að rafbílaeigendur sitji við sama borð og eigendur jarðefnaeldsneytisbifreiða. Eigendur slíkra bifreiða geta ferðast um landið, fyllt þær af t.d. bensíni og greitt við sjálfssala, farið inn í verslun og greitt við kassa eða nýtt stafrænar greiðslugáttir. Í slíku greiðsluferli er bíleigandi aldrei spurður hver hann sé, hvar hann á heima, hvað símanúmerið hans er né netfang, á sama tíma þarf hann ekki að sækja um aðgang að bensíndælunni. Hljótum við því að vera sammála um að markmið greinarinnar sé að tryggja jafnan rétt óháð eldsneytis og orkugjafar.

Skal einnig áréttað að eðlilegt er að þjónustuaðili hleðslustöðvar bjóði skilvirkari og þægilegri upplifun með aðgangi (samningi). En réttur notenda á að vera sá að hann geti valið hvort hann nýti slíkan aðgang eða ekki, sér í lagi ferðamenn og þeir sem kjósa að vera óþekktir í hinum stafræna heimi.

Rafbílaeigendur eiga kröfu á sömu réttindi, það er, að geta hlaðið rafbíla sína án þess að þurfa að skrá sig fyrir aðgangi (samningi) hjá þjónustuveitanda hleðslustöðvarinnar.

Við úrvinnslu umsagna við lagabreytingu þessa vill Ísorka bjóða öllum aðilum málsins að kynna sér virkni þeirra lausna sem í boði eru er snúa að kaupum á rafmagni á hleðslustöð án samnings og án þess að gefa upp persónurekjandi upplýsinga.

Virðingarfyllt,
Ísorka ehf
Skeifunni 19
108 Reykjavík



Sigurður Ástgeirsson
Framkvæmdastjóri